

Ólöf Kristín Daníelsdóttir

Frá: Nanna Steina Höskuldsdóttir <nanna@ssne.is>
Sent: þriðjudagur, 3. janúar 2023 08:24
Til: langanesbyggd@langanesbyggd.is; nordurthing@nordurthing.is; dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is; esveit@esveit.is; horgarsveit@horgarsveit.is; postur@svalbardsstrond.is; akureyri@akureyri.is; sveitarstjori@grenivik.is; Fjallabyggð; skrifstofa@thingeyjarsveit.is
Afrit: Kristín Helga Schiöth; Elva Gunnlaugsdóttir; Albertína Friðbjörg Elíasdóttir
Efni: RE: Almenningsamgöngur á starfssvæði SSNE
Viðhengi: 2022_12_30_SSNE_farpegatölur.pdf

Flokkar: Vistað í OneCRM; 2212004
One: -1

Góðan dag og gleðilegt ár.

Ég fylgi þessum pósti eftir síðan í nóvember og ítreka að svör óskast fyrir 18. janúar. Því miður hefur svörun ekki skilað sér sem skildi og því hvet ég sveitarfélögin til að taka þessa umræðu í nefndum sínum á næstu dögum. Ég hef fengið farpegatölur frá strætó á þessum leiðum og eru þær með hér í viðhengi. Sér sveitarfélagið fyrir sér einhverja aðra kosti? Þarf að snúa tímatöflunni við? Þ.e að upphafspunktur sé annar en hann er í dag. Þarf að breyta tímatöflum? Landsbyggðastrætó á fyrst og fremst að þjónusta íbúa ekki ferðamenn og því eiga tímatöflur að endurspegla það. (ferðamenn eru svo bara plús)
Allar hugmyndir eru vel þegnar og þurfa ekki að vera fullmótaðar.

Bkv Nanna Steina Höskuldsdóttir



Nanna Steina Höskuldsdóttir | Verkefnastjóri | Project Manager

☎ 4649882 | 📞 8688647 | ✉ nanna@ssne.is

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra | Association of Municipalities in Northeast Iceland

Aðalbraut 23, 675 Raufarhöfn

ssne.is | facebook.com/SSNordurlandEystra

From: Nanna Steina Höskuldsdóttir

Sent: miðvikudagur, 30. nóvember 2022 14:35

To: langanesbyggd@langanesbyggd.is; nordurthing@nordurthing.is; dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is; esveit@esveit.is; horgarsveit@horgarsveit.is; postur@svalbardsstrond.is; akureyri@akureyri.is; sveitarstjori@grenivik.is; fjallabyggd@fjallabyggd.is; skrifstofa@thingeyjarsveit.is

Cc: Kristín Helga Schiöth <kristinhelga@ssne.is>; Elva Gunnlaugsdóttir <elva@ssne.is>; Albertína Friðbjörg Elíasdóttir <albertina@ssne.is>

Subject: Almenningsamgöngur á starfssvæði SSNE

Góðan daginn,

Síðasta árið hefur SSNE unnið að því að finna leiðir til að koma aftur á almenningsamgöngum á austursvæðinu, þ.e frá Húsavík og til Þórshafnar, en þeirri akstursleið var hætt árið 2017. Sú vinna hefur m.a. snúið að mögulegri samþættingu farm- og farþegaflutninga og er það verkefni í vinnslu.

Upp úr þeirri vinnu hefur farið af stað samtalið við Vegagerðina um almenningsamgöngur á starfssvæði SSNE almennt og viljum við hjá SSNE nú safna saman upplýsingum og athugasemdum um almenningsamgöngur á landi, þ.e. Strætó á Norðausturlandi, til að koma á framfæri við Vegagerðina. Vonir standa til að hægt verði að nýta þær upplýsingar inn í vinnu við nýtt útboð Vegagerðarinnar en núverandi samningur rennur út í lok árs 2023.

Sú tímatafla sem nú er ekið eftir hefur verið óbreytt í mörg ár, en aðstæður hafa breyst og ástæða til að taka stöðuna. Við leitum því nú til sveitarfélaganna á starfssvæðinu og óskum eftir upplýsingum og athugasemdum í

tengslum við þær leiðir sem nú eru keyrðar og hugmyndum um hvernig hægt er að auka notkun þeirra: þarf að breyta tímatöflum? Má fækka ferðum eða þarf að fjölga? eru aðrir möguleikar í boða s.s. samþætting aksturs vegna tómstunda eða skóla sem hægt væri að opna á fyrir almenning?

Á okkar svæði eru eftirfarandi leiðir og eiga þær það allar sameiginlegt að vera illa nýttar, sér í lagi leið 79.

Leið 56 Akureyri-Egilsstaðir (Fer mánudaga, þriðjudaga, föstudaga og sunnudaga frá Akureyri kl 8:00 og komin aftur til baka kl 15:51)

Leið 78 Siglufjörður-Akureyri (fer alla virka daga frá Siglufirði kl 6:40 / 9:35 / 14:55 og frá Akureyri 8:09 / 13/32 og 16:29 og á sunnudögum frá Siglufirði kl 8:55 og frá Akureyri kl 16:29)

Leið 79 Húsavík-Akureyri (fer alla virka daga frá Húsavík kl 6:30 / 12:14 / 17:30 og frá Akureyri 10:54 / 15:59 og 18:59 og á sunnudögum frá Húsavík kl 8:50 / 12:45 og frá Akureyri kl 16:49)

Leitast er eftir því við sveitarfélögin að umbeðnar upplýsingar berist til SSNE fyrir 18. janúar næstkomandi. Allar nánari upplýsingar gefur Nanna Höskuldsdóttir verkefnisstjóri hjá SSNE.



Nanna Steina Höskuldsdóttir | Verkefnastjóri | Project Manager

☎ 4649882 | 📞 8688647 | ✉ nanna@ssne.is

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra | Association of Municipalities in Northeast Iceland

Aðalbraut 23, 675 Raufarhöfn

ssne.is | facebook.com/SSNordurlandEystra